



Umhverfis- og skipulagssvið  
Höfðatorg - Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### **Sóltún 2-4 - deiliskipulag**

Á fundi borgarráðs þann 10. mars 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 3. mars 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 2. mars 2022 varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún, ásamt fylgiskjölum .

Það tilkynnist hér með.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipulagsbreytingin er vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á 79 íbúðum í stað hjúkrunarrýma. Væri ekki rétt að áætla með einhverjum hætti hvar á að byggja þau hjúkrunarrými sem ekki fá lengur þennan stað? Svo er hæpið að fullyrða að það henti vel að bjóða upp á deilibílaþjónustu á reitnum en fullýrt er að fólk ferðist almennt með vistvænum ferðamátum dagsdaglega en hafi aðgang að bíl ef þörf er á. Þarna er of mikið sagt. Því er jafnframt haldið fram að rannsóknir hafi sýnt fram á að einn deilibíll geti komið í staðinn fyrir 5-20 einkabíla. Kannski sýna sumar rannsóknir að þetta geti gengið eftir en margar kannanir sýna allt annað og engin reynsla er komin á þetta kerfi. Óskhyggja á ekki að stýra deiliskipulagi.

Helga Björk Laxdal  
e.u.